



Reykjavík, 27. nóvember 2020
US200405, R20100407

Skipulags- og samgönguráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks, um greiðslur í gegnum app EasyPark sem áður var Leggja.is

Á fundi borgarráðs þann 29. október 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks og vísað til meðferðar skipulags- og samgönguráðs:

Appið Leggja er orðinn hluti af EasyPark sem er mest notaða bílastæðaapp í Evrópu og er núna komið til Íslands. Hvert fara tekjurnar sem koma inn í gegnum appið vegna greiddra bílastæðagjalda innan Reykjavíkur? Fara þau í bílastæðasjóð eða til fyrirtækis erlendis? Eða skiptist gjaldið á milli fyrirtækisins og Bílastæðasjóðs og hvernig þá?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Bílastæðasjóðs þann 11. nóvember 2020.

Svar:

EasyPark keypti Leggja.is árið 2019. Greiðslur fyrir stæði sem greiddar eru með greiðslulausninni renna óskertar til Bílastæðasjóðs. EasyPark leggur aukalega á þóknun fyrir hverja notkun og rennur sú þóknun til þeirra.

F.h. Bílastæðasjóðs

Kristín Þórdís Ragnarsdóttir